

Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn í Hjalla 15. maí 2012

1. **Fundur settur.** Anna María Bjarnadóttir, formaður félagsins setti fundinn kl. 20:10.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Karli Einarssyni sem fundarstjóra og Sólveigu B. Hlökkversdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar.

Anna María Bjarnadóttir fór yfir störf stjórnar á liðnu starfsári, sjá [skýrslu stjórnar](#). Hún upplýsti jafnframt um að foreldrafélagið hefði verið tilnefnt til Foreldraverðlauna 2012 á vegum Heimilis og skóla og væri það mikið gleðiefni.

4. Skýrslur nefnda

- Sigurður flutti skýrslu öryggisnefndar og kynnti starfsreglur nefndarinnar.

Lagði fram eftirfarandi tillögu frá öryggisnefnd:

„Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla, haldinn 15. maí 2012, beinir þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að lækka hámarkshraða á Hlíðarhjalla úr 50 km/klst í 30 km/klst“.

Tillagan var samþykkt án mótatkvæða.

Lagði einnig fram eftirfarandi:

„Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla, haldinn 15. maí 2012, skorar á bæjaryfirvöld að lagfæra uppsetningar á girðingum við skólann sem allra fyrst, áður en slys hljótast af“

Sigrún skólastjóri upplýsti að það væri á höndum áhaldahúss bæjarins að laga girðingar, því hefði verið lofað fyrir löngu en það dregst alltaf.

Áskorunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- Sólveig flutti [skýrslu röltnefndar](#). Þar kom m.a. fram að mæting á röltið hefði verið lakari í vetur heldur en undanfarin ár og oft erfitt að fá foreldra til að rölta.
- Rannveig Traustadóttir flutti [skýrslu heilsuræktarnefndar](#). Lagði áherslu á að mikil þörf væri fyrir þessa nefnd til að vera tengiliður íþróttakennarana og foreldrafélagsins um mál sem upp koma.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Brynhildur gjaldkeri kynnti [reikninga félagsins](#) frá 6. maí 2011 – 6. maí 2012. Fram kom að staða félagsins er góð. Ársreikningur var samþykktur mótatkvæðislaust.

7. Árgjald félagsins ákveðið

Brynhildur kynnti í hvaða verkefni stjórn hefur ákveðið að nota árgjaldið.

Tillaga var lögð fram frá stjórn um að árgjaldið verði óbreytt næsta skólaár og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning formanns foreldrafélags

Anna María Bjarnadóttir gaf kost á sér sem formaður og var kjörin.

9. Kosning annarra stjórnarmanna

Gunnar Þór Jóhannesson, Sólveig B. Hlöðversdóttir og Særún Sigurjónsdóttir gengu úr stjórn og stað þeirra var Selma Guðmundsdóttir kosin til eins árs. Berglind Svavarsdóttir, Erna Arnardóttir og Hörður Sigurðsson kosin til 2ja ára.

Gunnar Þór Jóhannesson, Sólveig B. Hlöðversdóttir og Særún Sigurjónsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn og voru kosin til eins árs.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Kristjana Kjartansdóttir gaf kost á sér sem skoðunarmaður áfram og Karl Einarsson gaf einnig kost á sér.

11. Skýrsla skólaráðsfulltrúa

Særún Sigurjónsdóttir flutti [skýrsluna](#) og greindi frá helstu verkefnum skólaráðsins í vetur.

12. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð

Særún hætti eftir 2ja ára setu og í hennar stað var Selma Guðmundsdóttir kosin sem skólaráðsfulltrúi.

Ragnheiður Bóasdóttir situr áfram sem fulltrúi í skólaráði.

13. Önnur mál

- Selma Guðmundsdótti kynnti lista yfir verkefni bekkjarfulltrúa ásamt eyðublaði fyrir foreldra í hverri bekkjardeild sem þeir skrá sig á til að sjá um viðburði innan bekkjarins yfir veturinn. Þessu verður m.a. komið til umsýgnarkennara áður en val á bekkjarfulltrúum fer fram.
- Rætt var um hversu erfiðlega gengi að fá foreldra til að mæta til að skrifa undir foreldrasáttmálann. Rannveig benti á þá leið að boða alla foreldra til fundar og allir komi með einhverjar veitingar á hlaðborð. Í hennar bekk var keyrt heim til þeirra sem ekki mættu til að fá undirskrift þeirra.
- Brynhildur og Selma sögðu frá að þær fóru inn á kynningarfund hjá foreldrum barna sem byrja í 1. bekk í haust. Þær kynntu m.a. foreldrafélagið og hlutverk bekkjarfulltrúa.
- Spurning kom frá Sigurði hvort einhver á fundinum væri tilbúinn að taka að sér að sjá um vinnufjölskylduverkefnið. Engin viðbrögð voru við því.
- Anna María, formaður þakkaði framfarandi stjórn sem og öllum þeim sem komu að starfi foreldrafélagsins með einum eða öðrum hætti í vetur, fyrir þeirra störf og framlag í þágu foreldrafélagsins og sagðist jafnframt hlakka til að starfa með nýjum stjórnarmeðlimum á komandi starfsári. Hún þakkaði að lokum embættismönnum fundarins fyrir þeirra störf.
- Selma færði fundarstjóra barmnælu sem þakklæti frá foreldrafélaginu fyrir fundarstjórnina.

14. Fundi slitið. Fundarstjóri sleit fundi kl. 22:10.

Fundargerð ritaði: Sólveig B. Hlöðversdóttir, ritari.